Starfsáætlun 2026 - 2027

2. og 3. bekkur

Naustaskóli

Starfsáætlun 2026-2027

2. og 3. bekkur

NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ágúst Már Steinþórsson

Birgitta Brynjarsdóttir

Guðbjörg Helga Andrésdóttir

Hólmfríður Svala Ingibjargardóttir

Bríet Ósk Ólafsdóttir

Gines Diaz Lajara

Ólafur Skagfjörð Ólafsson

Námsumhverfi og skipulag

Nemendur verða 63 talsins. Í teymi 2. - 3. bekkjar verða fjórir umsjónarkennarar og þrír stuðningsfulltrúar verða í teyminu, einnig starfar ÍSAT kennari á yngsta stigi. Umsjónarkennarar verða með árgangablandaðan umsjónarhóp.

Áhersla verður á að vinna með námshópana sem heild og að teymið taki sameiginlega ábyrgð á nemendum 2. og 3. bekkjar.

Við skipulagningu námsumhverfis verður unnið að því að skapa nemendum umhverfi þar sem hver og einn fær sín sem best notið. Nemendur munu eiga sitt heimaborð en munu vinna í fjölbreyttum hópum um allt svæðið. Kennarar stefna á að búa til sér svæði fyrir fögin þar sem hægt er að setja verkefni upp á vegg á líflegan hátt. Heimaborð er helst notað að morgni til og í nestistímum. Kennarar munu leitast við að endurskipuleggja og bæta skipulag eftir þörfum nemendahópsins. Lögð verður áhersla á fjölbreytt og snyrtileg svæði, gott og aðgengilegt skipulag að náms- og hjálpargögnum.

Í öllum námsgreinum eru námsmarkmið Naustaskóla höfð að leiðarljósi en þau eru unnin upp úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Í vetur munu kennarar leggja aukna áherslu á leiðsagnarnám, með það að markmiði að veita nemendum leiðbeinandi mat jafnt og þétt yfir skólaárið. Unnið verður markvisst með hugarfar vaxtar og nemendum leiðbeint að tileinka sér það. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar aðferðir í námsmati, svo sem munnlegt mat, verkefnamat og sjálfsmat. Hæfniviðmiðin verða metin jafnt og þétt og skráð inn í Mentor.

Það eru fastir hópar í sundi, smiðjum og umsjón. Sund verður einu sinni í viku og smiðjur tvisvar í viku. Í hringekjum verður unnið með fjölbreytta hópa svo hægt sé að mæta þörfum hvers nemenda.

Vettvangsferðir

Farið verður í vettvangsferðir og Naustaskóli býr við þann kost að Naustaborgir eru í nærumhverfi og stefnt verður að því að nýta það vel. Reynt verður að fara í fleiri vettvangsferðir og skoða skemmtilega staði í bænum.

Nemendasamtöl

Tengslakannanir ásamt nemendasamtali um líðan í skólanum eru gerð tvisvar á ári, í nóvember og febrúar. Fyrra viðtalið verður stýrt af kennurum en það seinna verður nemendastýrt.

Stærðfræði

Í stærðfræði verður unnið að námsmarkmiðum skólans með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Innlagnir verða út frá námsefni sem kallast *Neisti - lærum saman og hugsum djúpt*, þar sem rík áhersla er á umræður og samvinnu. Einnig verður unnið með námsbækurnar *Sproti og Stærðfræði spæjarar,* þar sem nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða eftir skipulagi. Vikulega verður stöðvavinna þar sem lagðir verða inn nýir námsþættir í stöðvavinnu og innlögnum og nemendur munu fást við verkefni í ipad og vinna með hlutbundinn efnivið.

Íslenska

Í Íslensku verður farið í Ritrún, Lesrún og skrift. Einnig mun íslenskan flettast inn í byrjendalæsi, samfélagsfræði og náttúrufræði. Unnið verður með íslensku í hringekju og stöðvum, kennarar leggja inn ákveðna þætti sem nemendur vinna síðan með.

Náttúrufræði & Samfélagsfræði

Náttúru- og samfélagsfræði verður fléttuð saman í þemavinnu. Unnið verður með greinarnar í stærri verkefnum þar sem ýmis fög verða fl???

Byrjendalæsi

Í byrjendalæsi verður áhersla á að vinna BL í hringekju þar sem námsefni verður aðlagað að getu nemenda. Íslenska, samfélags- og náttúrufræði verður samþætt inn í byrjendalæsi þar sem unnið verður með þemaverkefni í lotum (1-3 vikur í senn).

Byrjendalæsis þemu 2026-2027:

Listinn er breytilegur og líklegt er að við tökum upp þemavinnu eftir áhuga krakkanna, ef það koma upp hugmyndir eða ef einhver atburður á sér stað sem fróðlegt væri að vinna með (t.d. eldgos).

- Græni Gaukurinn
- Sjávar þema (komdu og skoðaðu heiminn - hafið)
- Vináttu og samskipta þema
- Fugla og veður þema
- Komdu og skoðaðu heiminn - Landnám
- Milli himins og jarðar - ísbjörn
- Jólaþema
- Jákvæðs aga þema
- Ada og afmælisgjöfin
- Köngulær - þema

Bekkjarfundir (dagskrá og hlutverkaleikir)

Bekkjarfundir verða vikulega þar sem ýmis málefni verða rædd. Nemendur eiga alltaf þann möguleika á að skrifa í bók hluti sem þeir vilja koma að á bekkjarfundum. Bekkjarfundir verða líflegir og einnig nýttir í hópefli, leiki og spjall. Farið verður yfir dagskrá næstu viku á bekkjarfundum og kynnt fyrir nemendum ef uppbrot er á næstunni eins og t.d. uppbrotsdagar eða vettvangsferð. Unnið verður með jákvæðan aga á bekkjarfundum og nemendur fá upprifjun/fræðslu um verkfæri og aðferðir jákvæðs aga.

Jákvæður agi

Í vetur verða vikulegir bekkjarfundir þar sem unnið er eftir áætlun og verkfæri jákvæðs

aga kynnt. Í upphafi skólaárs verður búinn til bekkjarsáttmáli, skipt verður í hlutverk, unnið með lausnahjól og búnir til sameiginlegir lausna- og griðastaðir. Á bekkjarfundum eru tekin fyrir mál sem upp koma og börnunum kennt að setja mál á dagskrá. Þá verður hefðbundinni dagskrá bekkjarfundar fylgt þar sem mál á dagskrá verða tekin fyrir auk þess sem fjallað verður um áhersluþætti í skólastarfinu og farið í hópeflisleiki.

Ársáætlun 2026 -2027 - Jákvæður agi				
Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Bekkjarsáttmáli Að skapa góðar venjur, kennarar viðhalda allan veturinn.	Bekkjarfundar-form Hlutverkin í bekknum. Griðarstaður Lausnarstaður	Ég boð Setja mál á dagskrá Tilfinningahjól	Það pirrar mig/Ég vildi óska - verkfærið Lausnahjólið	Hvað gerum við ef við gerum mistök? V-A-L - verkfærið Fyrirgefning
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Bekkjarsáttmáli (upprifjun). Að virða fjölbreytileikann. Kalli krumpaði	Að æfa hrós og þakkir. Lausnaleit	Hvatning Settu þig í mín spor.	Fjórar hugmyndir að lausnaleit. Unnið með samvinnu og samskipti.	Unnið með samvinnu, samkennd og samskipti.

Smiðjur

Þær smiðjur sem í boði eru fyrir 2.-3. bekk veturinn 2026-2027 eru: heimilisfræði, textílmennt, tækni og sköpun, myndmennt og tónmennt. Nemendur eru í einni smiðju í einu í 6.skipti, fyrir og eftir áramót. Umsjónarkennarar sjá um eina smiðju og snýr sú smiðja að tækni og sköpun. Kennarar verða með ýmisleg verkefni og fróðleik um tækni, tæki og verkfæri. Sú smiðja verður einnig nýtt í skapandi vinnu og leiki.

Réttindaskóli Unicef

Leitast verður við að láta barnasáttmálann ná til þess náms sem fer fram á skólaárinu. Unnið verður með grein mánaðarins úr Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Sýnd verða myndbönd og myndir og umræður verða í kjölfar hverrar innlagnar. Einnig verða unnar kannanir í tengslum við Réttindaskólann og þekking nemenda á Barnasáttmálanum könnuð.

Teymisvinna/teymiskennsla

Teymismeðlimir skipta með sér helstu verkum sem eru: Teymisformaður, ritari og föstudagspósturinn.
Teymisfundur með stjórnanda er vikulega. Skipulagsfundur er einu sinni í viku þar sem farið verður yfir skipulag komandi viku sem og nemendamál. Teymið leggur áherslu á að eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans og gætir þess að upplýsingaflæði sé gott innan teymis og við þá aðila sem koma að nemendahópnum s.s. skólaliða sem sinna frímínútnagæslu, íþróttakennara, smiðjukennara og skólastjórnendur.

Samþætting árganga fer fram í nær öllum kennslustundum og alltaf í smiðjum, sundkennslu, í þemum og útikennslu. Einnig munu 2. og 3. bekkur fara í sameiginlegar vettvangsferðir. Markmiðið með samkennslu árganga er að nemendur 2. og 3. bekkjar kynnist og þannig sé stuðlað að góðum samskiptum. Með samkennslu gefst kennurum einnig kostur á að kynnast nemendum beggja árganga og geta þannig borið sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum.

Útikennsla

Í útikennslu er stefnt að því að nýta nærumhverfið til náms og leiks. Útikennsla verður föst í stundatöflu einu sinni í viku og hópar rúlla á milli vikna. Útikennslan mun fara fram í Naustaborgum. Áhersla verður á liðsheild, þrautseigju og hópefli og unnið með orðaforða umhverfis og náttúru.

Foreldrasamstarf

Haustfundur fyrir foreldra verður haldinn í lok september þar sem farið verður yfir starfið yfir veturinn. Á fundinum verða kosnir fjórir fulltrúar í foreldrafélag, tveir fulltrúar úr hverjum árgangi.

Vikulegt fréttabréf með helstu upplýsingum úr skólastarfinu verður sent í lok viku. Finna setningu um samstarf, póst og funda heh.

Foreldrasamtöl með börnum eru einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.